

Úrskurður fjármálaráðuneytis dags. 26. mars 2008 vegna stjórnarsýslukæru varðandi innflutning á Apple iPhone án CE merkingar.

Ráðuneytið vísar til stjórnarsýslukæru yðar, dags. 6. febrúar sl., þar sem þér kærið til fjármálaráðuneytisins synjun tollstjóra á tollafgreiðslu sendingar merktri CP244330301US. Samkvæmt gögnum málsins er um að ræða Apple iPhone sem ekki er CE-merktur. Þar sem efni kærunnar lýtur ekki að gjaldskyldu eða fjárhæð aðflutningsgjalda skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 er ákvörðun tollstjóra kæránleg til fjármálaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Málavextir:

Áðurnefnd sending barst hingað til lands í pósti. Tollstjórinn í Reykjavík tók ákvörðun þess efnis að sendingin skyldi stöðvuð vegna þess að hún innihélt vöru sem ekki ber svokallaða CE-merkingu. Óumdeilt er í málinu að tækið skuli bera CE-merkingu til þess að innflutningur teljist heimill. Kærandi telur þó að viðkomandi vara uppfylli skilyrði bæði 61. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti ásamt skilyrðum reglugerðar nr. 90/2007, um þráðlausan búnað og notendabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra, að utantöldu CE-merkingu. Kærandi telur að samkvæmt þeim gögnum sem hann hafi undir hendi frá framleiðanda uppfylli tækið öll tæknileg skilyrði til CE-merkingar og þar af leiðandi megi hann merkja tækið sjálfur og fá það afgreitt úr tollafgreiðslu á þeim forsendum.

Úrskurður:

Tollstjórum er falið eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi auk annars eftirlits lögum samkvæmt, sbr. 42. gr. tollalaga nr. 88/2005. Í því felst að tollstjórum er falið eftirlit með því hvort sýnt sé að innflutningsskilyrðum sé fullnægt. Það er því ákvörðun tollstjórans í Reykjavík um að stöðva afhendingu umræddrar sendingar sem lýtur endurskoðun í þessum úrskurði ráðuneytisins.

Póst- og fjarskiptastofnun annast markaðseftirlit með notendabúnaði fyrir fjarskipti og tækjum fyrir þráðlaus fjarskipti, sbr. 61. og 65. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003. Stofnunin hefur veitt tollyfirvöldum almenn fyrirmæli þess efnis að tæki fyrir þráðlaus fjarskipti og notendabúnaður fyrir fjarskipti sem ekki eru CE-merkt séu ólögleg á Íslandi.

Ráðuneytið vísar til meðfylgjandi umsagnar Póst- og fjarskiptastofnunar dags. 17. mars 2008. Fram kemur í umsögninni að skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 81/2005, um fjarskipti, er óheimilt að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur skv. 61. gr. laganna og beri CE-merkingu því til staðfestingar. Innfluttur fjarskiptabúnaður þarf því skilyrðislaust að bera CE-merkingu. Jafnframt segir í umsögninni að þar sem CE-merking er ófrávíkjanlegt skilyrði innflutnings fjarskiptabúnaðar er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að þau gögn sem stafi frá framleiðanda og kærandi vísar til verða ekki talin ígildi CE-merkingar.

Í umsögn stofnunarinnar kemur fram hvaða aðferðum skuli beita af framleiðendum og fulltrúum hans, við CE-merkingar til að sýna fram á að grunnkröfum er mætt sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 90/2007. Samkvæmt þeim aðferðum sem þar er vísað til er það mat stofnunarinnar að ljóst sé að einungis framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans, geti fest CE-merki á fjarskiptabúnaðinn. Kaupandi getur þannig ekki ákveðið upp á sitt einisdæmi að taka að sér að merkja fjarskiptabúnað, sem ætlaður er öðru markaðssvæði, þannig að hann sé gjaldgengur á annað markaðssvæði að framleiðanda forspurðum. Ljóst er að kærandi uppfyllir því ekki þau skilyrði sem sett eru varðandi heimild til CE-merkingar á fjarskiptabúnaði.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að tollstjóra hafi borið að stöðva afhendingu umræddra sendinga og er kæranda ekki heimilt skv. lögum að CE-merkja vöruna sjálfur.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun tollstjórans í Reykjavík um að stöðva afhendingu sendingar nr. CP244330301US er staðfest ásamt því að krafa kæranda um að fá að CE-merkja tækið sjálfur er hafnað.